

AUGLÝSING um friðland í Þjórsáverum.

1. gr.

Um friðlysinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og í kjölfar þriggja mánaða opins umsagnarferils, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, ákveðið að friðlýsa Þjórsárver og Hofsjökul sem friðland í samræmi við 49. gr. laganna. Við ákvörðun um friðlysingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

Hið friðlýsta svæði er 156.260,12 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlysingarinnar.

Markmið friðlysingarinnar er að tryggja víðtaka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrvist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Vernda skal líffræðilega fjölbreytni, vatnafar og vistgerðir Þjórsárvera sem eru fjölbreyttasta, stærsta og samfelldasta gróðurvin hálandisins og mikilvægt búsvæði dýra og plantna. Áhersla er á vernd rústamýrvistar en vistgerðin telst alþjóðlega verndarburfi. Alþjóðlegt verndargildi rústamýra byggir m.a. á ákvæðum Bernarsamningsins, en samkvæmt honum eru rústamýrar flokkaðar sem búsvæði í hættu. Rústamýrvist er óvenju fjölbreytt vistgerð miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálandi Íslands og hefur verulegt vínsinda- og fræðslugildi. Votlendi svæðisins hefur alþjóðlegt gildi sem varpstöð heiðargæsar, sbr. Ramsarsamninginn. Markmið friðlysingarinnar er einnig að vernda landslagsheild Þjórsárvera, samspil jökuls og jökullandslags við gróðurlendið í verunum og menningarminjar, svo sem gæsaréttir og rústir útilegumanna. Vernd menningarminja fer samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitudum sem gefin eru upp í ISN93 hnítakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu en stofnuninni til ráðgjafar er 10 manna nefnd og skipar hvert sveitarfélag einn fulltrúa og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Með nefndinni skulu starfa fulltrúar Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal ráðgjafanefndin funda minnst einu sinni á ári. Umhverfisstofnun er heimilt að höfðu samráði við ráðgjafanefnd að setja ítarlegri reglur um umgengni í friðlandinu, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við sveitarfélög, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörlsu, rannsóknir, vöktun, uppbryggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndar aðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.

Kostnaður vegna yfirstjórnar, umsjónar og rekstrar friðlandsins greiðist af Umhverfisstofnun.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Friðlandið skal vaktað m.t.t. framvindu náttúrulegra ferla, breytinga á rústamýravist og öðrum verðmætum vistgerðum í verunum og stofnum fugla, sérstaklega heiðagæsar.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í friðlandinu, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunin skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti af stjórnunar- og verndaráætlun. Skýrslur um niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun. Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu, mun koma upp skiltum við leiðir inn á friðlandið og hefur frumkvædi að fjölbreyttri fræðslu um svæðið. Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins.

8. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal líffræðilega fjölbreytni veranna, þ.m.t. heildstætt vistkerfi þeirra, svo þau megi þróast samkvæmt eigin lögmálum náttúrunnar. Þar sem rústamýravist þolir illa rask eru allar athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni óheimilar. Sérstök áhersla skal lögð á verndun heiðagæsa og rústamýravistar.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánari útfærsla á ákvæðinu verður í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Verndun jarðmyndana.

Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökgulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild skv. 11. gr. Svæðið og náttúrafar þess skal fá að þróast eftir náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum.

10. gr.

Verndun menningarminja.

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum, svo sem gæsarettum og rústum útilegumanna í friðlandinu. Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Nánar skal kveða á um skráningu menningarminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2.-4. mgr.

Leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og þegar við á lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58/1998.

Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðajónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Einnig er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru

í notkun, án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar og fer um þær leyfisveitingar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Heimilt er að reisa fræðslumannvirki til að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar, sbr. 2. gr., að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.

Heimilt er að grípa til aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun og að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.

Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar.

Hefðbundnar nytjar í ám og vötnum eru heimilar eins og verið hefur.

12. gr.

Umferð í friðlandinu.

Almenningi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Óheimilt er að skilja eftir sorp í friðlandinu og skulu ferðamenn og aðrir sem um svæðið fara taka allt það sem farið er með inn á svæðið með sér til baka.

Umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní, sbr. viðauka II, kort af svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðagæsavars. Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi til umferðar á tímabilinu t.d. vegna nauðsynlegs viðhalds mannvirkja eða rannsókna sem ekki er unnt að sinna á öðrum tíma.

Umferð vélknúinna farartækja er heimil í friðlandinu eftir skilgreindum vegum, sbr. kort í viðauka III og gildandi skipulag.

Heimilt er að aka á jöklum og snævi þakinni jörð svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum að undanskildum afmörkuðum svæðum, sbr. kort í viðauka IV. Á þeim svæðum er akstur óheimill á snævi þakinni og frosinni jörð. Umhverfisstofnun er þó heimilt að veita leyfi til umferðar t.d. vegna nauðsynlegs viðhalds mannvirkja eða rannsókna.

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum, sbr. kort í viðauka III. Hrossabot er bönnuð nema í viðurkenndum áningarhólfum. Nánar er fjallað um skipulag og fjölda áningarhólfu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar helst eins og verið hefur. Umferð vegna refa- og minkaveiða á vegum sveitarfélaga er heimil eins og verið hefur.

Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegum svo ekki hljótist af náttúruspjöllum.

Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu þar sem lausir hundar geta truflað dýralíf, en notkun þarfahunda er heimil á svæðinu.

Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.

13. gr.

Refa- og minkaveiðar.

Notkun skotvopna er óheimil á svæðinu, nema til refa- og minkaveiða.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélaga og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir greni og veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Stefnt er að útrymingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélaga og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

14. gr.

Undanþágur frá banni við akstri utan vega.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna rannsókna og verndaraðgerða, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Nr. 870

9. október 2017

15. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

16. gr.
Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi


Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 597/1987, fellur úr gildi við gildistöku auglýsingar þessarar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 9. október 2017.

Björt Ólafsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Mörk hins friðlýsta svæðis og hnitatafla.



Punktur	X-hnit	Y-hnit												
1	504827,86	441324,98	31	495427,76	467215,28	61	494056,31	468559,72	91	492032,04	472472,12	121	492474,02	477510,08
2	501654,31	442036,51	32	495472,12	467262,77	62	493764,58	468476,76	92	491904,88	472536,58	122	492650,04	477703,06
3	501191,71	452425,53	33	495693,90	467340,27	63	493589,92	468377,40	93	491370,97	472465,98	123	492984,44	478180,24
4	497909,33	452425,53	34	495928,30	467518,80	64	493402,32	468423,06	94	491169,06	472812,41	124	493146,61	478283,09
5	496967,93	455569,45	35	496072,78	467717,58	65	493268,76	468420,87	95	491049,50	473152,13	125	493414,64	478369,99
6	495227,22	456830,57	36	496221,89	467812,95	66	493140,45	468483,76	96	491127,16	473751,01	126	493715,18	478579,75
7	495085,12	458624,57	37	496271,68	467881,22	67	492813,87	468805,40	97	491273,30	474049,81	127	493700,49	478618,34
8	494516,73	460098,84	38	496242,05	467959,89	68	492609,73	468881,80	98	491515,10	474212,19	128	493309,22	478840,36
9	494303,58	462070,45	39	496033,86	467996,81	69	492523,62	469022,72	99	491580,54	474322,90	129	493276,74	478933,55
10	498149,04	464596,88	40	496042,46	468082,30	70	492538,78	469201,77	100	492782,89	474138,71	130	493305,68	479000,79
11	497930,74	464977,31	41	495912,16	468265,94	71	492724,15	469485,02	101	493385,15	473917,94	131	493400,83	479076,60
12	497847,88	465221,40	42	495837,05	468289,43	72	492992,88	469745,83	102	493719,20	473829,53	132	493426,86	479209,31
13	497729,33	465342,73	43	495681,08	468243,02	73	492971,97	469939,53	103	493784,99	473849,77	133	493540,62	479389,04
14	497417,12	465466,96	44	495601,00	468287,43	74	493031,03	470233,57	104	493755,10	473911,06	134	493675,14	479528,33
15	497337,31	465655,32	45	495535,23	468403,33	75	493028,15	470409,59	105	493390,13	474176,77	135	493993,69	479400,14
16	496868,66	466163,64	46	495518,77	468507,82	76	492965,51	470580,85	106	493282,72	474296,15	136	494035,63	479419,53
17	496648,75	466210,84	47	495537,30	468582,67	77	492925,64	470576,28	107	493426,41	474669,68	137	493988,97	479652,87
18	496305,57	465934,16	48	495588,33	468627,22	78	492869,10	470503,58	108	493592,39	474896,40	138	493999,44	479882,90
19	496211,40	465921,23	49	495697,31	468655,60	79	492834,37	470560,22	109	493587,90	474953,68	139	493941,72	480016,62
20	496166,31	465951,27	50	495681,32	468805,41	80	492836,62	470631,70	110	493339,56	474904,39	140	493870,45	480076,01
21	496140,22	466031,45	51	495351,49	469074,81	81	492929,80	470714,88	111	493215,00	474917,83	141	493808,16	480063,12
22	496261,32	466494,56	52	495312,31	469142,80	82	492949,68	470792,55	112	492854,60	475011,77	142	493759,67	479987,45
23	496278,58	466638,72	53	495235,53	469176,95	83	492886,56	471157,50	113	492540,61	475142,48	143	493681,81	479981,47
24	496256,09	466680,76	54	495174,20	469145,56	84	492794,89	471322,41	114	492421,75	475305,05	144	493091,73	480165,77
25	496138,43	466779,74	55	495084,66	469026,00	85	492726,83	471534,31	115	492457,72	475415,89	145	492861,81	480281,12
26	495943,34	466838,34	56	495035,32	469022,85	86	492462,17	471703,09	116	492339,22	475487,55	146	492284,87	480321,57
27	495778,08	466786,42	57	495014,09	469240,98	87	492281,09	471907,45	117	492146,19	476386,13	147	492139,97	480413,51
28	495672,72	466872,30	58	494802,91	469341,50	88	492273,25	471960,04	118	492197,72	476810,30	148	491946,26	480718,35
29	495603,95	467007,97	59	494606,81	469187,29	89	492346,49	472064,20	119	492443,13	477086,85	149	491816,61	481289,55
30	495419,32	467137,13	60	494213,27	468700,86	90	492163,87	472169,34	120	492428,38	477373,72	150	491837,16	481787,76

Punktur	X-hnit	Y-hnit												
151	491950,45	482006,54	181	495441,44	485646,94	211	500129,21	488618,20	241	502448,36	496395,68	271	507174,78	496657,62
152	492185,86	482165,91	182	495673,31	485495,11	212	500077,55	488740,62	242	502576,67	496383,72	272	507317,57	496549,83
153	492012,38	482408,17	183	495943,95	485262,49	213	499924,56	488763,47	243	502747,59	496513,30	273	507478,06	496523,94
154	492021,04	482479,34	184	496448,77	484947,92	214	499931,66	488924,76	244	503026,66	496547,40	274	507556,35	496566,09
155	492099,00	482602,97	185	496582,72	484915,07	215	499875,51	489022,40	245	503847,05	496820,05	275	507603,06	496736,23
156	492153,41	482947,00	186	496767,77	484940,94	216	499541,56	489414,23	246	504343,53	497096,64	276	507594,56	497005,38
157	492128,00	483251,22	187	497034,57	485137,45	217	499255,08	489648,84	247	504511,29	497126,36	277	507678,27	497104,90
158	492017,09	483310,36	188	497098,60	485152,94	218	499156,03	489880,74	248	504734,43	497096,48	278	507792,71	497157,52
159	492093,44	483414,83	189	497246,13	485077,90	219	499049,53	489980,97	249	504803,60	497189,17	279	508253,23	496952,32
160	492093,04	483500,10	190	497422,67	484850,38	220	498921,11	490290,05	250	504990,72	497236,00	280	508336,79	496882,93
161	491933,13	483921,45	191	497500,64	484806,59	221	498850,17	490508,84	251	505031,51	497049,45	281	508778,37	496980,23
162	491947,88	484388,02	192	497613,31	484799,83	222	498838,75	490799,41	252	505221,10	497016,54	282	508933,37	496961,02
163	491985,88	484482,09	193	497589,38	484897,55	223	498958,39	491367,52	253	505292,84	497076,21	283	509072,31	496883,47
164	492106,61	484584,75	194	497111,37	485357,48	224	499001,26	491818,18	254	505383,55	497030,41	284	509336,17	496886,33
165	492530,76	484734,95	195	497198,65	485804,23	225	499236,02	492561,38	255	505446,32	496955,37	285	509546,14	496795,43
166	492580,26	484841,47	196	497080,22	486128,90	226	499214,16	492873,39	256	505462,87	497026,30	286	509699,97	496638,06
167	492640,35	485345,24	197	497108,45	486369,48	227	499283,96	493020,48	257	505390,87	497160,47	287	509917,54	496569,23
168	492698,85	485442,95	198	497296,99	487005,97	228	499419,44	493136,98	258	505419,61	497215,10	288	510057,33	496483,75
169	492863,15	485448,86	199	497586,28	487765,06	229	499733,88	493735,46	259	505630,25	497211,63	289	510081,28	496416,62
170	493048,46	485530,36	200	498029,79	488075,17	230	499912,18	493949,87	260	505727,81	497167,22	290	510045,02	496297,22
171	493141,58	485538,53	201	498323,53	488323,16	231	499963,88	494227,03	261	505861,79	497283,76	291	509900,98	496112,25
172	493701,59	485238,12	202	498880,09	488489,89	232	500321,30	494590,08	262	505997,82	497274,39	292	509887,17	496026,93
173	494259,87	485107,69	203	499098,66	488417,83	233	500383,62	494851,80	263	506444,78	497435,33	293	509924,83	495809,69
174	494279,76	485132,48	204	499642,35	488028,88	234	500522,95	495014,20	264	506555,99	497433,31	294	510056,76	495611,69
175	494252,84	485338,18	205	499987,95	488056,07	235	501184,41	495409,46	265	506688,91	497519,67	295	510030,13	495374,27
176	494405,56	485797,28	206	500019,51	488032,90	236	501654,71	495892,73	266	506767,24	497534,70	296	509940,21	495141,56
177	494514,74	485882,79	207	500212,93	488148,53	237	501891,59	496054,35	267	506904,04	497490,64	297	509994,80	495060,88
178	494700,24	485919,85	208	500178,22	488357,67	238	502104,90	496148,43	268	506880,12	497335,69	298	510258,64	494914,24
179	494857,29	485914,89	209	500237,41	488470,18	239	502161,33	496211,03	269	506901,75	497215,93	299	510450,54	494954,30
180	494978,40	485874,43	210	500229,58	488576,90	240	502338,08	496272,09	270	507065,13	497006,32	300	510568,74	494872,70


Punktur	X-hnit	Y-hnit												
301	510616,23	494918,83	331	512530,42	494716,88	361	514865,90	495179,95	391	518393,29	496159,66	421	520605,55	493045,60
302	510617,74	495017,25	332	512777,11	494882,29	362	514992,41	495161,64	392	518508,73	496041,64	422	520695,33	492852,65
303	510411,03	495511,52	333	513048,71	494832,37	363	515313,67	494922,72	393	518548,24	495886,29	423	520816,93	492831,29
304	510451,18	495626,23	334	513199,97	494188,96	364	515413,30	494706,73	394	518871,27	495753,79	424	520840,82	492792,04
305	510693,56	495908,15	335	513266,83	494043,85	365	515604,85	494435,40	395	518854,02	495708,30	425	520707,35	492733,09
306	510668,81	496084,15	336	513348,15	494001,65	366	515752,00	494414,83	396	518675,02	495674,24	426	520532,21	492735,43
307	510688,29	496241,44	337	513386,29	494001,95	367	515941,97	494460,76	397	518610,32	495539,60	427	520483,77	492709,54
308	510909,07	496242,36	338	513407,99	494087,12	368	516076,12	494617,42	398	518622,70	495428,03	428	520599,92	492598,30
309	510934,30	496135,19	339	513383,81	494126,01	369	516078,14	494681,40	399	518710,95	495253,73	429	520597,76	492530,03
310	510902,58	495935,96	340	513306,68	494149,06	370	516025,76	494784,22	400	518770,33	495274,07	430	520493,84	492411,03
311	511122,28	495751,09	341	513272,15	494212,10	371	516122,89	494890,82	401	518799,79	495401,82	431	520340,54	492433,39
312	511345,91	495975,07	342	513340,50	494364,04	372	516088,12	495047,52	402	518865,32	495414,05	432	520332,83	492341,48
313	511329,14	496096,58	343	513584,02	494378,55	373	516162,72	495198,46	403	518902,40	495381,06	433	520389,06	492312,68
314	511258,30	496182,08	344	513594,86	494319,47	374	516143,34	495287,23	404	518840,03	495066,93	434	520524,07	492360,85
315	511317,66	496404,25	345	513515,96	494083,70	375	516168,64	495385,00	405	518855,46	495001,30	435	520619,12	492252,97
316	511381,35	496507,01	346	513916,13	494131,39	376	516400,14	495772,43	406	519095,84	495068,34	436	520813,59	492188,08
317	511458,68	496541,08	347	514044,95	494236,88	377	516401,50	495966,92	407	519267,72	495029,58	437	520907,55	492197,32
318	511851,53	496512,80	348	514255,68	494619,47	378	516501,16	496078,15	408	519410,92	495070,68	438	521028,91	492301,35
319	511955,49	496456,64	349	514253,65	494706,90	379	516516,04	496171,43	409	519487,00	495030,55	439	520958,07	492421,77
320	512229,29	496082,30	350	514162,09	494824,17	380	516579,69	496226,12	410	519580,10	494908,53	440	520982,37	492487,74
321	512287,42	495946,81	351	514192,99	494881,28	381	516579,79	496329,82	411	519622,73	494902,38	441	521170,40	492405,55
322	512464,45	495845,32	352	514271,21	494860,44	382	516659,82	496398,83	412	519636,93	494949,56	442	521261,25	492262,88
323	512453,65	495804,33	353	514350,12	494792,80	383	516923,03	496475,48	413	519532,74	495119,66	443	521520,80	492233,96
324	512114,90	495692,77	354	514575,40	494784,07	384	517039,12	496621,88	414	519544,65	495195,54	444	521772,68	492009,95
325	512051,85	495607,30	355	514750,31	494587,91	385	517163,69	496659,27	415	519781,41	495281,38	445	521848,59	491897,98
326	512058,72	495473,20	356	514835,73	494577,31	386	517491,53	496679,11	416	519989,65	495202,17	446	521996,38	491850,38
327	512180,69	495112,40	357	514888,86	494801,68	387	517779,62	496622,27	417	520178,49	494895,90	447	522056,24	491734,12
328	512315,30	494901,77	358	514815,64	494944,88	388	517975,39	496557,34	418	520211,75	494691,52	448	522176,30	491714,51
329	512361,76	494607,84	359	514848,79	495040,70	389	518399,21	496346,90	419	520354,12	494544,07	449	522193,63	491607,49
330	512427,84	494586,74	360	514802,52	495134,32	390	518429,14	496287,21	420	520309,34	494161,09	450	522323,56	491447,68

Punktur	X-hnit	Y-hnit												
451	522584,60	491313,95	481	524763,04	489531,27	511	524681,07	487039,89	541	524071,36	485440,54	571	523780,10	484415,59
452	522621,60	491262,45	482	524849,21	489544,46	512	524769,62	487087,82	542	523935,14	485285,70	572	524185,82	484537,75
453	522837,34	491167,77	483	524937,12	489460,63	513	524865,18	487061,00	543	523843,84	485299,76	573	524599,54	484761,42
454	522993,44	491180,34	484	525167,18	489400,92	514	524883,95	487036,60	544	523720,43	485585,54	574	524738,72	484777,36
455	523036,20	490975,66	485	525216,95	489265,96	515	524836,41	486977,84	545	523650,36	485452,04	575	524924,26	484631,99
456	523144,10	490922,92	486	525292,39	489193,23	516	524849,70	486945,60	546	523389,03	485253,77	576	524928,35	484511,18
457	523050,02	490811,52	487	525505,32	489094,84	517	524964,57	487011,91	547	523155,49	485102,25	577	524725,99	484187,17
458	523046,91	490763,99	488	525420,84	489033,97	518	524973,66	486948,09	548	522846,59	484978,63	578	524652,76	484133,85
459	523139,44	490623,58	489	525232,65	489079,15	519	524885,33	486866,63	549	522613,26	484817,60	579	524405,44	484049,51
460	523253,67	490619,26	490	525224,92	488998,89	520	524866,93	486787,86	550	522458,01	484797,09	580	524377,94	483983,73
461	523335,38	490542,03	491	525070,42	488762,23	521	524711,13	486784,78	551	522084,65	484859,72	581	524390,50	483871,20
462	523381,26	490534,17	492	525002,75	488802,54	522	524686,64	486763,34	552	521832,49	484824,87	582	525565,21	484362,12
463	523402,83	490586,28	493	524823,27	488723,96	523	524701,93	486693,01	553	521572,79	484899,72	583	526328,99	484593,03
464	523251,95	490865,57	494	524543,53	488769,43	524	524641,04	486628,19	554	521341,50	484869,91	584	526595,43	484983,80
465	523276,46	490988,67	495	524383,90	488844,32	525	524660,88	486600,55	555	521370,55	484776,99	585	527519,06	485658,77
466	523333,79	490994,77	496	524192,66	488824,95	526	524841,11	486620,62	556	521424,47	484731,30	586	528424,94	485889,68
467	523403,30	490879,80	497	524095,00	488850,25	527	525151,02	486510,78	557	521545,38	484735,38	587	529099,91	486244,93
468	523426,41	491060,18	498	524031,90	488806,92	528	525240,15	486432,94	558	521657,14	484789,08	588	531710,96	488784,93
469	523505,98	491063,97	499	523970,70	488529,41	529	525251,83	486302,29	559	521928,88	484642,31	589	533522,72	489921,72
470	523602,94	490965,64	500	524246,21	488508,76	530	525125,22	486225,89	560	521989,41	484648,30	590	536275,87	489282,28
471	523756,45	490893,34	501	524427,94	488442,77	531	524756,41	486257,62	561	522084,02	484737,86	591	537750,14	488536,26
472	523822,23	490692,04	502	524508,79	488373,37	532	524641,44	486188,10	562	522145,31	484654,48	592	538300,77	488518,50
473	524006,69	490528,90	503	524611,79	488371,22	533	524678,36	486048,75	563	522349,27	484573,38	593	538922,45	488145,49
474	524538,38	490362,80	504	524575,49	488150,43	534	524633,82	485997,72	564	522374,23	484479,68	594	539224,41	487275,14
475	524609,09	489836,33	505	524623,18	487769,28	535	524570,29	485998,23	565	522296,24	484323,10	595	539064,55	487097,52
476	524538,25	489706,79	506	524306,71	487507,61	536	524546,06	486086,35	566	522422,01	484262,89	596	538513,92	486990,94
477	524546,64	489671,60	507	524340,78	487355,75	537	524513,02	486095,30	567	522628,64	484230,94	597	537572,52	485552,20
478	524653,35	489679,33	508	524305,34	487264,70	538	524384,59	485802,27	568	522886,55	484283,23	598	537643,57	483722,68
479	524626,20	489624,56	509	524427,78	487168,67	539	524249,02	485631,85	569	523005,06	484261,97	599	537359,37	483367,44
480	524647,19	489585,77	510	524628,52	487142,54	540	524229,96	485532,39	570	523650,48	484294,01	600	537394,90	482905,62


Punktur	X-hnit	Y-hnit												
601	537608,05	482053,03	631	528957,81	471377,89	661	527349,36	467321,67	691	526671,50	466264,50	721	524073,97	459431,13
602	537057,41	481307,01	632	528869,00	471129,22	662	527417,94	467289,29	692	526705,31	466131,63	722	523659,41	458790,88
603	536666,64	480543,23	633	528851,24	470560,82	663	527424,13	467319,29	693	526619,59	466082,57	723	522556,12	457533,22
604	536684,41	480294,56	634	528602,56	470312,15	664	527382,70	467349,77	694	526526,72	465867,78	724	522366,75	457181,02
605	536453,50	479477,49	635	528655,85	469885,86	665	527440,32	467338,34	695	526696,26	465683,00	725	522132,07	456523,14
606	536080,49	479068,96	636	528478,23	469654,95	666	527369,36	467421,68	696	526592,92	465565,36	726	521900,18	456189,63
607	535618,67	478909,10	637	528478,23	469299,70	667	527283,64	467391,68	697	526495,76	465695,38	727	520927,18	455253,72
608	535281,19	478482,81	638	528691,38	468837,88	668	527296,02	467321,20	698	526341,93	465757,29	728	519645,51	454580,46
609	534837,13	478500,57	639	528568,03	467921,22	669	527248,87	467291,67	699	526308,59	465584,41	729	519344,79	454367,16
610	534695,03	478660,43	640	528026,67	466997,98	670	527188,39	467334,05	700	526375,75	465538,69	730	519192,34	454177,01
611	534570,69	478536,09	641	527894,38	467003,61	671	527201,25	467401,21	701	526305,26	465422,97	731	519075,17	453927,56
612	534606,22	477878,89	642	527797,04	467072,12	672	527120,28	467402,16	702	526348,12	465279,61	732	519026,02	453687,42
613	534499,64	477434,83	643	527819,90	467157,84	673	527141,24	467449,78	703	526322,88	465256,28	733	519100,95	452858,13
614	534144,40	477026,30	644	527972,77	467384,54	674	527033,61	467429,78	704	526306,69	465049,58	734	519051,48	452588,04
615	533806,92	476511,19	645	527937,05	467407,87	675	526958,83	467377,87	705	526259,54	464918,62	735	518929,30	452383,20
616	533522,72	475729,65	646	527787,99	467307,86	676	526767,38	467372,63	706	526218,58	464885,75	736	518564,34	452042,27
617	533060,90	475285,59	647	527769,89	467326,43	677	526733,57	467256,90	707	526212,87	464805,27	737	518441,80	451848,88
618	532297,12	475054,68	648	527687,02	467228,80	678	526753,09	467154,03	708	526143,81	464717,16	738	518243,34	450774,86
619	531870,83	474734,96	649	527767,03	467328,82	679	526713,57	467110,69	709	526121,43	464577,14	739	518133,18	450518,36
620	531249,15	475072,45	650	527706,55	467307,38	680	526724,04	466794,46	710	526071,90	464517,14	740	517941,61	450315,33
621	530698,51	474734,96	651	527621,30	467220,71	681	526697,37	466779,70	711	525988,79	464553,45	741	517257,68	449884,56
622	530449,84	474131,04	652	527556,05	467091,64	682	526746,43	466592,53	712	526088,01	464437,70	742	517115,72	449738,66
623	530059,07	474042,23	653	527416,04	467111,65	683	526705,95	466562,05	713	526409,80	464184,86	743	516993,54	449540,81
624	529810,40	473775,80	654	527366,03	467049,26	684	526503,54	466569,20	714	526256,97	464045,43	744	516926,66	449348,54
625	529863,69	473473,84	655	527324,60	467080,69	685	526448,29	466636,35	715	526004,35	463511,35	745	516899,69	449117,57
626	529384,10	473154,12	656	527398,41	467125,93	686	526363,05	466533,95	716	525617,08	462991,07	746	516996,36	448609,16
627	529099,91	472639,01	657	527379,36	467188,32	687	526472,11	466401,08	717	525395,32	462614,24	747	517002,58	448383,91
628	528993,33	472035,09	658	527414,61	467233,57	688	526513,54	466276,30	718	525000,99	461579,33	748	516952,65	448164,17
629	529099,91	471910,76	659	527339,36	467227,85	689	526575,93	466238,20	719	524531,41	460594,83	749	516835,24	447943,21
630	529188,72	471448,94	660	527323,17	467283,57	690	526650,54	466297,36	720	524232,34	459778,56	750	516613,71	447723,54

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
751	516478,45	447752,45	781	513484,19	444988,93	811	508478,28	442685,51
752	516319,40	447595,45	782	513161,59	445034,01	812	508283,39	442750,49
753	516071,03	447579,46	783	513011,83	444921,15	813	507996,37	442718,21
754	516041,94	447513,63	784	512846,64	445020,12	814	507852,61	442643,28
755	515982,51	447491,69	785	512677,44	445046,06	815	507729,79	442728,21
756	515842,75	447492,89	786	512479,34	444961,74	816	507533,00	442783,64
757	515558,08	447382,68	787	512391,02	444982,04	817	507468,20	442850,88
758	515445,57	447391,02	788	512177,39	444957,05	818	507367,25	442880,98
759	515314,01	447299,80	789	512070,22	444833,33	819	507167,11	442870,15
760	515219,34	447318,70	790	511788,55	444665,78	820	506747,56	442776,65
761	515162,50	447280,76	791	511713,62	444657,04	821	506597,50	442715,87
762	515038,54	447278,36	792	511624,54	444551,87	822	506485,67	442536,48
763	514846,85	447193,84	793	511563,86	444544,27	823	506434,86	442509,90
764	514636,82	447235,38	794	511441,60	444443,25	824	506394,00	442526,08
765	514387,19	447176,50	795	511338,88	444409,96	825	506369,24	442471,32
766	514318,01	446997,66	796	511232,31	444305,25	826	506330,31	442490,24
767	514385,49	446620,57	797	511120,98	444287,64	827	506395,28	442436,48
768	514291,37	446555,29	798	511054,60	444032,55	828	506392,50	442326,25
769	514241,78	446343,91	799	510798,62	443924,63	829	506343,51	442274,94
770	514012,79	446285,98	800	510763,58	443822,47	830	506207,81	442247,80
771	513962,51	446201,80	801	510621,82	443658,51	831	505882,11	441867,82
772	514123,41	446014,11	802	510418,13	443545,85	832	505746,41	441582,84
773	514278,86	445402,29	803	510382,14	443464,32	833	505312,15	441202,86
774	514217,32	445266,04	804	509885,04	442882,63	834	504827,86	441324,98
775	514115,78	445187,58	805	509554,82	442767,58			
776	514060,52	445180,41	806	509327,99	442777,93			
777	514019,68	445094,34	807	509118,70	442589,08			
778	513960,35	445075,60	808	508925,60	442663,51			
779	513903,77	444994,72	809	508877,42	442747,59			
780	513631,45	444920,74	810	508770,45	442830,42			

VIÐAUKI II
Svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðagæsavarps.



VIÐAUKI III
Vegir, slóðar og reiðleiðir.



VIÐAUKI IV

